

Ávinningur friðlýsinga frá sjónarhóli sveitarfélaga



Guðjón Bragason, sviðsstjóri
lögfræði- og velferðarsviðs

Sambands íslenskra
sveitarfélaga

Er þetta ímynd friðlýsinga?

- Lítið samráð um náttúruverndaráætlanir
- Skortur á framtíðarsýn fyrir friðlýst svæði
- Landverðir sinna alltof stórum landsvæðum, hluta úr ári
- Fjármagnsskortur hindrar uppbyggingu
- Friðlýsing leggur hömlur á framkvæmdir og nýtingu lands




En við viljum komast hingað!

- Vandað samráð við sveitarstjórnir, landeigendur og aðra haghafa, t.d. ferðaskipuleggjendur, um fyrirkomulag friðlýsinga
- Skýr framtíðarsýn kemur fram í verndar- og stjórnunaráætlun fyrir viðkomandi svæði
- Fjármagn til reiðu til nauðsynlegra verndaraðgerða og uppbyggingar þannig að svæði beri vel sívaxandi ferðamannastraum
- Landvarsla árið um kring, þar sem þörf er á
- Hefðbundin nýting er óhindruð ef hún samræmist markmiðum friðlýsingar.




Friðlýsingar og aðkoma sveitarstjórna

- Samráð við sveitarstjórnir um gerð náttúruverndaráætlana hefur verið misjafnlega vandað
 - Lítið um beint frumkvæði sveitarstjórna
- Yfirstandandi er vinna við gerð náttúruminjaskrár, þ.m.t. framkvæmdaáætlun vegna friðlýsinga
 - Tilefni til að kalla eftir beinum tillögum frá sveitarfélögum, í ljósi aukinna áhrifa ferðaþjónustu, gerðar áfangastaðaáætlana o.fl.
 - Og að sjálfsögðu vanda til samráðs um tillögur verkefnisstjórnar um friðlýsingar!



Er hægt að minnka tafir?

- Ólík afstaða landeigenda, sem gjarnan eru mjög margir, er líklega helsta ástæða tafa á friðlýsingarferli og öðrum verndunaraðgerðum (Látrabjarg, Reykjahlíð, Geysir)
- Stundum kallað eftir myndun landeigendafélaga og löggjöf um þau, svipað og veiðifélög, sbr. [lög um lax- og silungsveiði](#)
- Gæti einfaldað samskipti opinberra aðila og landeigenda ef hægt væri að einfalda samþykkisferli og beina erindum til eins aðila í stað fjölmargra.
- Reglur um t.d. aukinn meirihluta atkvæða, frekar en samþykki allra landeigenda, gæti flýtt mikið fyrir ákvörðunum en jafnframt minnkað líkur á eignarnámi þegar ekki reynist unnt að finna aðra lausn.



Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps

- Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps var stofnað 10. mars 1973. Tildrög stofnunar voru þau að Náttúrverndarráð sendi 2. febrúar 1973 út tillögur um friðlýsingu Sléttuhrepps og hluta Grunnavíkurhrepps, en svæðið var að lokum friðlýst 1975.
- Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna félagsmanna varðandi réttindi þeirra í þessum fyrrum hreppum.
- Landeigendafélagið á 3 fulltrúa í [Hornstrandanefnd](#) sem er samstarfsnefnd um Hornstrandafriðlandið.
- Dæmi um að landeigendafélag hafi einfaldað flókin samskipti, en skortir lagaumgjörð til að ákvarðanir félagsfunda séu bindandi fyrir alla landeigendur.

